

Kennarar: Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir og Hildur Ósk Indriðadóttir

Tímafjöldi: 7

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inn í bekk.

Bekkur: 3. bekkur

Íslenska
<p>Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er undirstaða alls náms og öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Jafnframt er tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn verður í upphafi skólagöngu virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimili þeirra.</p> <p>Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku sé heildstætt. Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Leitast er við að vekja áhuga nemenda á tungumálinu, að þeir þekki helstu hugtök þess og hlutverk í málinu og fái æfingu í að beita þeim. Lögð er áhersla á lestur og læsi, þar sem nemendur þjálfast í að leita sér upplýsinga úr margvíslegum miðlum, ásamt því að efla áhuga á bókmenntum og lestri. Lögð er áhersla á góðar skriftarvenjur, skipulag og úrvinnslu. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir við sem flest tækifæri en gott vald á munnlegri tjáningu nýtist í öllum námsgreinum. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin.</p> <p>Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í fjóra flokka, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir flokkar eru samofin heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.</p>

Íslenska			
Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið í 3. bekk Nemandi:	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	- Ritrún 1-3 - Ítalíuskript 1 og 2 - Ítarefni - Málfræðihefti - Litla Lesrún - Byrjendalæsi - Græni blýantur og blái blýantur	- Geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði - Geti hlustað á upplestur af ýmsum toga - Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum - Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði - Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu - Geti átt góð samskipti og sýnt kurteisi - Geti hlustað, með virðingu, á aðra	- Innlagnir (smáfyrirlestur) - Lesið, spurt og spjallað - Einstaklings- vinna, paravinna og hópavinna - Söguaðferðin

Lestur og bókmenntir		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti tekið þátt í umræðum</li> <li>- Þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan þekkinn.</li> <li>- Þjálfist í að hlusta á og fara eftir munnlegum fyrirmælum</li> <li>- Endursegi efni sem hann hefur hlustað eða horft á</li> <li>- Þekki algengar orðmyndir</li> <li>- Öðlist jákvætt viðhorf til lestrar</li> <li>- Geti lesið texta með skilningi og unnið með hann</li> <li>- Geti lesið í hljóði í stuttan tíma í senn, t.d. yndislestur</li> <li>- Læri einfaldar vísur, ljóð og þulur.</li> <li>- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar eftir sínu áhugasviði.</li> <li>- Þekki mun á ólíkum söguformum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum og blaðagreinum</li> <li>- Þekki hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit og kafla</li> <li>- Geti lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim</li> <li>- Geti beitt hugtökunum söguþráður, sögupersónur og boðskapur</li> <li>- Geti endursagt sögu í aðalatriðum</li> <li>- Spái fyrir um framhald sögu (forspá)</li> <li>- Þekki greinarmerkin punkt, kommu, spurningamerki og gæsalappir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Námsleikir</li> <li>- Hlutverkaleikir (leikræn tjáning)</li> <li>- Spil</li> <li>-</li> <li>Upplýsingaöflun</li> <li>-</li> <li>Vettvangsferðir</li> <li>- Hringekja</li> </ul>
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Dragi rétt til stafs</li> <li>- Vandí skrift og frágang</li> <li>- Hafi bil á milli orða</li> <li>- Haldi rétt á skriffæri</li> <li>- Geti samið og skrifað texta frá eigin brjósti s.s. sögur, ljóð, skilaboð, sendibréf o.fl.</li> <li>- Þekki og noti hugarkort</li> <li>- Noti hugtökin upphaf, miðja og endir</li> <li>- Geti búið til sögu/myndasögu með einfaldri atburða</li> </ul>	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Geti leikið sér með orð og merkingu s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki</li> <li>- Geti unnið með hugtökin hljóð, bókstafur og setning</li> </ul>	

		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þekki sérhljóða og samhljóða og geti unnið með þá</li> <li>- Þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti</li> <li>- Geti raðað í stafrófsröð eftir öðrum staf í orði</li> <li>- Þekki orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð</li> <li>- Geti unnið með kyn nafnorða</li> <li>- Geti unnið með fall nafnorða</li> <li>- Þekki hugtökin eintala og fleirtala og geti unnið með tölu fallorða</li> <li>- Vinni með algeng orðtök og málshætti</li> <li>- Þekki og geti unnið með samsett orð</li> </ul>	
--	--	---	--

Námsmat: Námsframvind og hæfni nemenda metin jafnóðum og með vor og haust könnunum.